

Erindi vegna meðferðar Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á frumvarpi Stjórnlagaráðs.

Reykjavík, 30. nóvember, 2011.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
b.t. Valgerðar Bjarnadóttur, formans

Alþingi
Erindi nr. P 140/544
komudagur 30.11.2011

Frumvarp Stjórnlagaráðs kemur góðum böndum á spillingu sem núverandi stjórnarskrá gerir ekki og styð ég það því heils hugar. Þjóðin kaus fólk til að semja frumvarpið og á rétt á að kjósa um það óbreytt. Alþingi er að sjálfsögðu frjálst að leggja fram gagn tillögu í formi annars frumvarps.

Allt er til staðar til að við getum lifað við mikla velferð á Íslandi. Hátt menntastig og gott verkvit, miklar auðlindir á hvert mannsbarn, fin atvinnutæki og ágætt samgöngukerfi. Allt er til staðar nema regluverk sem tryggir að spilling eigi erfitt uppdráttar og sé auðvelt að uppræta. Án slíkra reglna verður aldrei nema tímabundin velmegun og velferð á Íslandi.

Spurðu hvort þú treystir öllum stjórnsmálaflokkum sem komist gætu til valda í framtíðinni til að fara með almannavaldið án þess að þrjár eftirfarandi grunnreglur séu festar í stjórnarskránni.

1. Valdaframsal skal vera lýðræðislegt svo hagsmunir valdhafa séu sem líkastir hagsmunum almennings.

Í dag geta kjósendur valið milli flokka sem fá atkvæði m.a. í krafti fjármagns frá fyrirtækjum. Samkvæmt frumvarpi Stjórnlagaráðs hafa kjósendur bæði val á milli flokka og frambjóðenda (39. gr.). Flestir landsmenn vilja að lög um fjármál stjórnsmálaflokka banni fyrirtækjum að styrkja flokka og frambjóðendur. Frumvarp Stjórnlagaráðs heimilar tíu prósent kjósenda að semja og senda slík lög til þjóðarinnar (66. og 67. gr.). Þegar kjósendur geta valið persónur verður hættulegt fyrir þingmenn að hafna afgerandi niðurstöðu þjóðaratkvæðis þótt hún sé ráðgefandi. Þetta þýðir lýðræðislegra valdaframsal með meira vali kjósenda og minni áhrifum fjármagns.

2. Valddreifing skal vera víðtæk svo að spilling eigi erfiðar uppdráttar og sé auðveldari að uppræta.

Löggjafarvaldið kys í dag framkvæmdarvaldið sem svo skipar dómvaldið. Framkvæmdarvaldið situr á þingi og foringjar stjórnarflokkanna ráða ríkjum. Í frumvarpi Stjórnlagaráðs er eftirlitshlutverk Alþingis aukið gagnvart ráðherrum (63. og 93. gr.), sem sitja ekki lengur á þingi, og skipan ráðherra á dómurum er háð samþykki forseta Íslands eða 2/3 hluta Alþingis (96. og 102. gr.). Þetta er ekki víðtæk valddreifing en skref í rétta átt.

3. Valdbeiting skal vera gegnsæ svo því verði ekki leynt þegar valdhafar fara umfram valdheimildir sínar.

Ráðamenn geta í dag af geðþótta haldið gögnum leyndum fyrir kjósendum. Með frumvarpi Stjórnlagaráðs skulu gögn í fórum stjórnvalda vera aðgengileg almenningsi án undandrátta (15. gr.). Gagnsæi má þó setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi. En kjósi þingmenn að halda upplýsingum leyndum verða þeir að gera það með lögum sem við kjósendur getum hafnað og breytt. Gegnsæi valdbeitingar er vel tryggt.

Jón Þór Ólafsson. 130377-4089
Meðlimur í Stjórnarskrárfélaginu.